DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr. 2833 Síðan 1968 58. árgangur

Fimmtudagur 18. desember 2025

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Gagnheiði 17 · 800 Selfoss




## Næsta blað á nýju ári

Dagskráin er komin í jólafrí. Næsta tölublað kemur út fimmtudaginn 8. janúar. Auglýsingar og efni í það blað þurfa að berast fyrir hádegi, þriðjudaginn 6. janúar.




## Menntaskólinn að Laugarvatni heiðraður með umhverfisverðlaunum Bláskógabyggðar

Menntaskólinn að Laugarvatni tók við umhverfisverðlaunum Sveitarfélagsins Bláskógabyggðar þann 11. desember 2025. Verðlaunin voru afhent umhverfisnefnd skólans fyrir framúrskarandi starf í umhverfismálum. Sérstök áhersla var lögð á birkigróðursetningarverkefnið á Langamel.

Við afhendingu viðurkenningarinnar voru viðstödd formaður umhverfisnefndar ML, Jóna Björk Jónsdóttir, fulltrúar umhverfisnefndar Bláskógabyggðar, Kamil Jan Lewandowski og Ásgerður Elín Magnúsdóttir, oddviti Bláskógabyggðar, Helgi Kjartansson, og skólameistari Jóna Katrín Onnoy Hilmarsdóttir. Einnig voru við afhendinguna nemendur sem hafa starfað ötullega í umhverfisnefnd skólans og tóku við viðurkenningunni fyrir hönd skólans.



Fulltrúi umhverfisnefndar Bláskógarbyggðar lagði áherslu á birkigróðursetningarverkefnið á Langamel, sem framkvæmt var í samstarfi við Land og skóg. „Markmið verkefnisins var að skóga svæðið og gera fólki meðvitað um mikilvægi trjáa og gróðurs í náttúrunni. Alls voru gróðursettar 2.479 birkiplöntur.“

Í ávarpi sínu benti fulltrúinn einnig á að verkefnið sýni að skólinn vinni markvisst í umhverfismálum í sveitarfélaginu.

Skólinn er afar stoltur af þessari viðurkenningu og þakklátur fyrir að fá að starfa að umhverfismálum með Landi og skógi. Nemendur ML hafa sýnt ótrúlegan áhuga í starfi umhverfisnefndarinnar og skólinn er stoltur af þessum öflugu nemendum sem leggja hart að sér við að bæta umhverfi sitt og samfélagið. *ML*

## Nýtt heilsusetur opnar í Hveragerði

Hugarhlýja, nýtt heilsusetur í Hveragerði, var formlega opnað föstudaginn 12. desember sl. og er staðsett á Austurmörk 7. Að baki staðnum stendur Svava Bjarnadóttir, reikimeistari, andlegur einkaþjálfari og menntaður sjúkraliði með sérnám á geðsviði. Hún hefur starfað með heildrænar lausnir í um þrjá áratugi og kennt andlegar aðferðir síðustu fimm árin.



Svava sem hefur haldið kyrrðar- og heilunarkvöld frá mars 2024 og hyggst halda því áfram í nýju húsnæðinu.

Í tilefni opnunar býður Hugarhlýja upp á fjölbreytta dagskrá næstu daga. Í næstu viku verður fyrirlestur um sorgina og hvernig hægt er að lifa með henni, auk heilunar með heilurum. Á þriðjudeginum verður Valgerður Bachmann með skyggnilýsingu, og fimmtudaginn 18. desember fer fram gamla góða kyrrðar- og heilunarkvöldið.

Hugarhlýja verður jafnframt vettvangur fyrir námskeið og fræðslu. Svava kennir bæði fullorðnum og börnum heilun og hugleiðslu, Svava er með Reiki heilunarnámskeið og auk þess býður hún upp á svokallaða þróunarhópa fyrir þá sem vilja efla andlegt næmi. Í húsnæðinu leigja einnig aðrir meðferðaraðilar aðstöðu fyrir slökunarmeðferðir og heilunaraðferðir af ýmsu tagi.






# Fjárhagsáætlun Svf. Árborgar 2026 samþykkt - Ábyrgur rekstur skilar ávinningi til íbúa

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2026, ásamt þriggja ára áætlun, var samþykkt að lokinni seinni umræðu í bæjarstjórn, miðvikudaginn 3. Desember sl.. Útsvarsprósentan helst óbreytt í 14,97% og fasteignagjöld eru lækkuð.

Breytingar urðu á áætluninni milli umræðna þar sem einstaka málaflokkar ýmist hækkuðu eða lækkuðu en stærsta breytingin var tengd launakostnaði, kostnaðarþátttöku í byggðasamlögum, aukningu á tekjum m.a. úr Jöfnunarsjóði og breytingum í öðrum rekstrarkostnaði sem lækkar aðeins milli umræðna.

Heildartekjur hækka á móti kostnaði og rekstrarniðurstaða samstæðunnar er jákvæð um 150,3 milljónir árið 2026 samkvæmt áætluninni.

*“Það er ánægjulegt að fjárhagsáætlun sé samþykkt með jákvæðri rekstrarniðurstöðu og að rekstur sveitarfélagsins sé að styrkjast næstu árin. Áætlunin endurspeglar stefnu bæjarstjórnar um hvernig ábyrgur rekstur getur skilað sér til lækkunar gjalda og álaga. Á árinu 2026 skilar það sér m.a. í lækkun fasteignagjalda, hækkun frístundastyrks um 25% og auknu fjármagni í forvarnir, farsæld, viðhald og fjárfestingar mikilvægra innviða.*

*Mikilvægt er að halda stefnu og leita áfram leiða til að rekstur sveitarfélagsins sé hagkvæmur og með því skapa svigrúm til lækkunar álaga á íbúa. Vil koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem hafa komið að vinnu við áætlunina. Við gleðjumst yfir betri stöðu en höldum skýrri sýn á verkefnin framundan”* segir Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar af tilefni.

### Lykilpunktar

- Útsvarsprósentan verður 14,97% til samræmis við flest önnur sveitarfélög
- Jákvæð rekstrarniðurstaða 150,3 milljónir í A- og B-hluta
- Veltufé frá rekstri er 2,3 milljarður
- Fasteignaskattur, vatns- og fráveitugjald lækkar fyrir íbúða- og atvinnuhúsnæði
- Gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs lækka í fyrir sérbýli en hækka fyrir fjölbýli
- Skuldaviðmið Árborgar er áætlað 118,1% í árslok 2026
- Hóflegar gjaldskrárhækkanir og námsgjald í leikskólum hækkar ekki milli ára
- Frístundastyrkur hækkar um 25%
- Aukið fjármagn í forvarnir og farsæld allra aldurshópa
- Aukinn opnunartími sundlauga Árborgar
- Framkvæmdir hefjast við 3. áfanga Stekkjaskóla, kennslusundlaug við Sundhöll Selfoss og viðbyggingu við leikskólana Jötunheima og Árbæ
- Viðhald gatna- og göngustíga, hreinsistöðin klárast og orkuöflun Selfossveitna

Í samþykktri fjárhagsáætlun 2026 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar, A- og B hluta, verði jákvæð sem nemur 150,3 milljónum og að EBITDA verði jákvæð um 2.797 milljónir. Veltufé frá rekstri er áætlað 2.311 milljónir í samstæðu sveitarfélagsins, framlegðarhlutfallið verði 12,2 prósent og skuldaviðmiðið í 118,1 prósent.



### Nánari útskýring á fasteignagjöldum, útsvari og gjaldskrárhækkunum

- Útsvar fyrir árið 2026 verður óbreytt í 14,97 prósent.
- Almennar gjaldskrárhækkanir verða um 3,5 prósent sem er í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar.
- Fasteignagjöld skiptast í fasteignaskatt, lóðarleigu, fráveitu- og vatnsgjalda og sorphirðugjalda. Eftirfarandi breytingar taka gildi við álagningu árið 2026
- Fasteignaskattur á íbúðahúsnæði (A) lækkar úr 0,48% í 0,44%.
- Vatnsgjald á íbúðahúsnæði (A) lækkar úr 0,102% í 0,0806%.
- Fráveitugjald á íbúðahúsnæði (A) lækkar úr 0,102% í 0,0806%.
- Fasteignaskattur á opinberar byggingar (B) helst óbreyttur.
- Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði (C) lækkar úr 1,65% í 1,63%.
- Vatnsgjald á atvinnuhúsnæði (B og C) lækkar úr 0,172% í 0,162%.
- Fráveitugjald á atvinnuhúsnæði (B og C) lækkar úr 0,18% í 0,17%.
- Lóðarleiga helst óbreytt 1%.

Gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs lækka í öllum flokkum hjá sérbýlum en hækka fyrir fjölbýlishús. Góð flokkun íbúa er að skila sveitarfélaginu auknum tekjum úr úrvinnslusjóði sem um leið hefur jákvæð áhrif á gjöldin.

Með fjárhagsáætlun 2026 var einnig samþykkt þriggja ára áætlun áranna 2027, 2028 og 2029.




*Rekstrarniðurstaða Árborgar fyrir A- og B-hluta*




*Skuldaviðmið og –hlutfall Sveitarfélagsins Árborgar frá 2020 og út áætlunartímabilið*













SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG
Við erum alltaf á vaktinni
Gleðilega hátíð

# Á vakt um jólin

Inni á lyflækningadeild HSU liggur fjölbreyttur hópur. Einstaklingar með langvinnandi sjúkdóma, fólk sem hefur veikst skyndilega vegna sýkinga eða af hjarta- eða öndunarfærasjúkdómum, eða einstaklingar sem þurfa náið eftirlit vegna flókinna einkenna. Reynt er eftir fremsta megni að útskrifa þá sem hægt er fyrir jól en því miður er það ekki alltaf hægt. Þeir sem treysta sér til að fara heim í leyfi, þó ekki nema brot úr degi, fara í leyfi. Aðrir sjúklingar verja hátíðunum í góðum höndum starfsfólks Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Guðríður Ester Geirsdóttir, aðstoðardeildarstjóri á Lyflækningadeild og Rán Jósepsdóttir, ljósmóðir á Lyflækningadeild eru meðal þeirra sem standa vaktina á HSU yfir hátíðarnar.



*Guðríður Ester Geirsdóttir, aðstoðardeildarstjóri á Lyflækningadeild. Mynd: Aðsend.*



*Rán Jósepsdóttir, ljósmóðir á Lyflækningadeild. Mynd: Aðsend.*

### Hátíðleg stemning þrátt fyrir aðstæður

Aðfangadagskvöld á lyfjadeildinni er ekki eins og hefðbundinn vinnudagur. Þó að verkefnin séu þau sömu og aðra daga segir Rán vera ákveðinn hátíðleiki yfir deginum. Reynt er að leggja áherslu á að skapa hátíðlega stemningu á deildinni fyrir sjúklinga. „Við reynum að hafa hátíðlega stemingu á deildinni og erum með stærri máltíð dagsins um kvöldið. Við reynum að bjóða sem flestum í bað á aðfangadag og þeir sem geta fara í sparifötin. Yfirleitt er útvarpið í gangi og þeir sem vilja hlusta á jólakveðjurnar og svo messuna. Hefð er fyrir því að deildarstjóri gefi þeim sem er á kvöldvaktinni litla jólagjöf sem við opnum saman,“ segir Guðríður.

Sumir sjúklingar ná að kíkja heim í stutta stund, en auðvitað komast ekki allir heim og þá koma oft nánustu aðstandendur og borða hér hjá sínu fólki á deildinni. „Það eru oft smáatriðin sem skipta mestu máli, eins og jólakveðjurnar, messan, umhyggja og kærleikur sem ríkir þetta kvöld. Jólamaturinn er einnig einstaklega góður hér á sjúkrahúsinu og setur punktinn yfir i-ið. Það er mjög gefandi að vera til staðar fyrir þá sem ekki geta verið heima í faðmi fjölskyldu sinnar á aðfangadagskvöld og maður finnur vel fyrir þakklæti sjúklinga. Samheldnin meðal starfsfólksins er líka sterk yfir þennan tíma,“ segir Rán.

### Fjarveran frá fjölskyldunni á aðfangadag

Bæði Guðríður og Rán segja erfitt að vera að heiman á aðfangadagskvöld. Það er ekkert auðvelt við það að vera frá fjölskyldu yfir hátíðarnar. „Maður missir af hefðum, samveru og dýrmætum augnablikum. Flestar fjölskyldur læra að vera sveigjanlegar þegar fjölskyldumeðlimur vinnur á heilbrigðisstofnun. Sumir halda jól fyrr eða seinna eftir því sem við á.“

Það er þó boðið starfsfólki upp á að vinna hálfa vakt ef annar hjúkrunarfræðingur fæst á móti og er það einnig í boði fyrir sjúkraliða. „Í ár mæti ég kl. 12 á hádegi og verð til kl. 19:30 og þá tekur annar hjúkrunarfræðingur við. Þessi skipti sem ég hef unnið á aðfangadagskvöld þá hef ég ýmist komið heim um klukkan 20 eða verið heila vakt til miðnættis. Ef ég er hálfa vakt þá borðum við fjölskyldan milli kl. 20 og 21 en þegar ég er heila vakt borðar fjölskylda mín á hefðbundnum tíma og við borðum eftirréttinn saman um miðnættið. Þá opnum við líka pakkana,“ lýsir Guðríður vaktinni sinni í ár. „Fjölskyldan hefur fullan skilning á því að við sem vinnum á sjúkrahúsi þurfum að vinna þennan dag sum árin,“ bætir hún svo við.

Rán mætir hins vegar í vinnu klukkan 19:30 og því heldur hún jólin fyrr um daginn en venjulega. „Í mínu tilfelli höldum við jólin fyrr á aðfangadag þetta árið þar sem ég mæti í vinnu kl. 19:30. Við borðum heima kl. 17:00 og náum að opna nokkra pakka áður en ég fer til vinnu. Fjölskyldan mín borðar svo eftirréttinn þegar ég er farin. Það skiptir ekki öllu máli að halda jólin á nákvæmlega ákveðnum tíma; aðalatriðið er að vera með sínu fólki og njóta samverunnar,“ segir hún.

*Hvað er fallegast við starfið á þessum tíma árs?*

„Mér finnst alltaf hátíðlegt að vinna á jólunum. Það er einhver áþreifanlegur friður yfir þó svo það fylgi því líka sorg að sumir sjúklingar geti ekki verið hjá ástvinum sínum á þessum tíma. Við starfsfólkið reynum okkar besta til að fólki líði sem best í erfiðum aðstæðum og leggjum okkur fram við að halda í hátíðarandann og vera til staðar fyrir sjúklingana okkar,“ segir Guðríður.

„Það fallegasta er samveran á þessu hátíðlega kvöldi. Að vera til staðar, sýna umhyggju, hlusta og styðja þá sem þurfa á því að halda. Samkennd og umhyggja fyrir náunganum þetta kvöld minnir mann líka á hvers vegna maður valdi sér þetta æfistarf,“ segir Rán.

### Jólakveðja

Guðríður og Rán vilja senda hlýjar jólakveðjur til allra þeirra sem ekki geta verið heima með sínu fólki á aðfangadagskvöld. „Við viljum einnig óska Sunnlendingum og Íslendingum öllum gleðilegra jóla, megi nýtt ár færa okkur von, hlýju og kærleika.“

*HSU*

## Sunnlenski matgæðingurinn

# Fljótleg hakksúpa

*Sunnlenski matgæðingur vikunnar er Ingibjörg Hannesdóttir.*



Ég þakka Sibbu vinkonu minni fyrir áskorunina. Ég hef átt mjög erfitt með að fylgja uppskriftum og helst vil ég að matseldin taki ekki of langan tíma. Oft er ég með forrétti í matinn fyrir okkur hjónin t.d. tómata og mossarella, nautacapaccio og hráskingu ofan á hunangsmelónu. Eins ef ég er ein í mat þá skelli ég tortillasnakki á pappír sem passar í airfryer skúffuna mína, slummpa salsasósu ofan á svo rifinn ost þar yfir og hef í ca 4 mínútur í airfryernum. En ég skellti í hakksúpuna mína fljótlegu, bara svona til að vera viss með hvaða hráefni og hlutföll ég nota.

*Hráefni:*

500 gr nautahakk
1 bréf taco krydd
1 stór krukka salsasósa (medium)
1 teningu nautakraftur
Cayennepipar, salt og pipar eftir smekk
Vatn.
Rifinn ostur
Sýrður rjómi
Tortilla chips

Val er um að skera það grænmeti sem manni hugnast og léttsteikja það til að gera súpuna að sinni, eftir tíma og þörf (tekið til í ísskápnum). Hef oft hugsað að nota kjúkling í staðinn fyrir hakk, en ekki gert það ;)

*Aðferð:*

Þurrsteikið hakkið, bætið taco kryddinu í samkvæmt leiðbeiningum aftan á bréfinu. Skellið salsa sósunni á hakkið og blandið létt saman. Fyllið krukkana af vatni og hristið upp í henni og hellið vatninu í pottinn, skellið teningum út í. Náið upp suðu og látið sjóða í minnst 5 mínútur. Nú skal smakkar og bætt við kryddum eftir smekk og þörfum. Ég hef notað þessa súpu þegar flensuskítur er í mér og þá spara ég ekki cayenne-piparinn í mína skál. Með þessu er borið fram rifinn ostur, sýrður rjómi og tortillasnakk, til að setja úti sinn súpuskammt eftir smekk hvers og eins. Svona í lokin þá er ég nýbúin að fatta upp á að smyrja góðum ís á góða smáköku, setja aðra smáköku ofan á, ef maður vill smáköku samloku og borða með góðri samvisku til að njóta sem best.

Ég skora á Ágúst Loga Valgeirsson að koma með eitthvað snjallt og gott úr sínu eldhúsi.

*Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.*



# Aðstandendafundur í Vinaminni

Stuðningshópur fyrir aðstandendur fólks með heilabilun eru haldnir mánaðarlega í Vinaminni að Vallholt 19. Fundirnir fara fram fyrsta mánudag hvers mánaðar kl. 16:30–18:00 og er öllum aðstandendum opnir, óháð þjónustu.

Næsti fundur verður mánudaginn 5. janúar, þar sem fullorðinsteymi Árborg vera með kynningu á starfsemi sinni.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Útgefandi:** Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
**Ritstjóri:** Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
**Blaðamaður:** Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
**Auglýsingadeild:** Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

**ISSN 1670-407X**

**Prentun:** Prentmet Oddi
Svansvottuð prentsmiðja

## Gáta vikunnar

Ansi skýr og augljós hér,
eins þú komst í heiminn.
Varnarlaus og vesæll er,
vondu krabbameinn.

Svar við gátu í blaði 2832: **ÞÁTTUR**
T.d. þrí**þættur** kaðall. **Þáttur** í leikriti. Framhalds**þáttur**.
Margföldunarstofn (faktor) í margfeldinu.

FAGFÉLÖGIN
– ekkert fúsk!



# GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Fagfélögin óska félagsfólki sínu og landsmönnum öllum gleðilegara jóla og farsældar á nýju ári

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS
MATVÍS
VM
FFÍ

DAGAR TIL JÓLA 6




# Litlu hlutirnir auka þakklæti og gleði í aðdraganda jóla

Desember er mánuður hátíðar og gleði en þó fyrst og fremst hátíð barnanna. Börn á öllum aldri eru með óskir og væntingar til jólanna, óskir sem við viljum uppfylla og gleðja barnshugann og hjartað. Til þess setjum við á okkur auknar kröfur og aukið álag í jólamánuðinum, en of margir finna fyrir of miklu álagi, kvíða og jafnvel depurð.

Það er mikilvægt að við sýnum okkur mildi og reynum að sjá jákvæðu hliðarnar sem eru allt í kringum okkur. Það eru litlu hlutirnir sem skipta máli eins og samvera með þeim sem okkur þykir vænt um og samkennd í eigin garð og annarra. Að iðka þakklæti, vera í núinu og njóta líðandi stundar eykur ánægju og gleði. Prófaðu að staldra við og anda djúpt, opnaðu fyrir skilningarvitin og finndu hvernig hægt er að róa hugann. Andaðu að þér jólunum og gefðu þér auka tíma til að njóta með sjálfri/um þér eða fjölskyldu og vinum. Jólin koma alltaf þó að okkur finnst ekki allt tilbúið en barnshugurinn óskar þess helst að hafa fullorðna fólkið heilshugar til staðar. Hvílum ytra áreiti eins og síma, tölvur og sjónvarp í aðventunni og um jólin. Njótum samverunnar og eflum samkennd til náungans en ekki síst til okkar sjálfs. Kærleiksrík jólakveðja.


*Guðlaug ásamt dætrum og barnabarni sínu.*

*Guðlaug Ósk Svansdóttir*
*Nemandi í Jákvæðri sálfræði*

# Þétt setið á Vínstofunni í Friðheimum

Þann 12. desember síðastliðinn komu drengirnir í hljómsveitinni Sambandið saman og héldu glæsilega jólatónleika á sviðinu á Vínstofunni í Friðheimum. Uppselt var á tónleikana og húsið var þétt setið, þar sem gestir nutu bæði ljúffengs kvöldverðar og notalegra jólatóna í flutningi hljómsveitarinnar.

Hljómsveitin Sambandið samanstendur af meðlimum úr hljómsveitinni Koppafeiti ásamt nokkrum heimamönnum frá Reykholti og sveitum í kring. Allir eiga drengirnir það sameiginlegt að hafa brennandi áhuga á tónlist.

Í hljómsveitinni eru þeir Arilíus Smári Orrason á trommum, Daníel Aron Bjarndal Ívarsson á gítar og söng, Hákon Kári Einarsson á hljómborði, gítar og söng, Ívar Dagur Sævarsson á gítar, synth og bakraddir, Magnús Skúli Kjartansson í söng, Ragnar Dagur Hjaltason á hljómborð, synth og bakraddir og Sólmundur Ingi Símonarson á bassa.

Söngvararnir skiptust á að leiða lögin og samanstóð dagskráin að mestu leyti af íslenskum jólalögum sem flestir Íslendingar ættu að þekkja vel. Þó tóku drengirnir eitthvað af sínum eigin lögum. Hákon og Ívar tóku lagið Á sömu leið sem strákarnir gáfu út núna á árinu. Söng þá Daníel einnig lagið sitt, Sumarást, sem hann samdi sjálfur fyrir þó nokkrum árum.

Hjördís Katla Jónasardóttir var tónleikagestur kvöldsins. Hún steig á svið og tók nokkur lög með hljómsveitinni við góðar undirtektir. Þá fékk hljómsveitin einnig hann Þránd Ingvason sem brá á leik og tók að sér ýmis hlutverk í gegnum tónleikana. Tók Þrándur hlutverk Dengsa þegar þeir tóku lagið Alveg dagsatt, hlutverk Leppalúða og síðast en ekki síst hlutverk rjúpunnar á meðan á rjúpuveiðum stóð, svo eitthvað sé nefnt.

Strákarnir brugðust svo sannarlega ekki tónleikagestum. Stemningin var einstaklega góð og ljóst er að tónleikagestir kunnu vel að meta jólaskemmtun drengjanna.

Ljósmyndirnar tók Hrafntinna Jónsdóttir.









SKÖTUVEISLA

Hlaðborð 23. des kl. 11–14

- Skata með mörfeiti/hnoðmör
- Soðnar rófur og kartöflur
- Soðinn saltfiskur
- Rúgbrauð og smjör
- *Ris a la mande* með kirsuberjasósu
- Smákökur og kaffi/te

Verð 5.900 kr. á mann

Bókaðu hér

HÓTEL ÖRK



# Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Við hjá Landsvirkjun sendum landsmönnum öllum hlýjar jólakveðjur, með ósk um orkuríkt komandi ár.

Landsvirkjun

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

*Í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða Bæjarstjórnar Árborgar:*

**Deiliskipulag hesthúsasvæðis – Hestamannafélagið Sleipnir**
Deiliskipulagstillagan tekur til hesthúsasvæðis hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi.
Tillagan tekur til um alls 27 ha svæðis, en megináhersla er lögð á stækkun núverandi svæðis um u.þ.b. 7 ha að stærð. Innan nýs svæðis er gert ráð fyrir allt að 19 nýjum lóðum undir hesthús.
Deiliskipulagstillagan var samþykkt í bæjarstjórn Árborgar til auglýsingar þann 26.3.2025.
Tillagan var auglýst í Dagskránni, Lögbirtingarblaði, frá 3.4.2025, með athugasemdafresti til 20.5.2025. Tillagan var aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins Árborg, auk þess sem málið var aðgengilegt á skipulagsgatt.is

Tillagan var tekin til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn Árborgar 19.11.2025, og eftirfarandi bókað:
*Til máls taka Bragi Bjarnason, D-lista, Matthías Bjarnason, B-lista, Fjóla St. Kristinsdóttir, D-lista og Sigurjón Vídalín Guðmundsson, S-lista. Bæjarstjórn Árborgar samþykkir samhljóða með 11 atkvæðum að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að mati bæjarstjórnar hefur verið brugðist við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna tillögunnar innan uppfærðrar tillögu og innan samantektar á athugasemdum og svörum.*

Allar upplýsingar máls, eru aðgengilegar á skipulagsgatt.is (málsnr. 470/2025)

**Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.**

Virðingarfyllst,
Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi Árborgar




# Samhljóða samþykkt kröftug fjárhagsáætlun 2026



Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2026 var samþykkt samhljóða á fundi bæjarstjórnar 11. desember 2025. Reiknað er með að rekstrarniðurstaða samstæðu verði 500 m.kr. og að handbært fé frá rekstri verði í árslok 262 m.kr.

Í fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar er sérstök áhersla lögð á þjónustu við íbúa ásamt því að efla og styðja við lífsgæði í bænum eins og best verður á kosið. Sérstaklega er einblínt á barnafjölskyldur með öflugum menntastofnunum, gæðum í íþrótta- og frístundastarfi og fjölbreyttu atvinnulífi. Þá er heilsuefling allra íbúa í forgrunni ásamt blómstrandi menningu og ferðaþjónustu. Fram undan eru fjölmörg tækifæri og bjartir og spennandi tímar.

### Stórsókn til framtíðar

Samkvæmt fjárhagsáætlun til næstu þriggja ára verður stórsókn í hinum ýmsu málaflokkum og ber þar hæst verklok á nýju gervigrasi, gatnagerð í nýjum hverfum, fráveitumálum og kaupum á félagslegu húsnæði.

Þá er einnig stórsókn í málefnum fjölskyldna en frístundastyrkur hefur hækkað um 92% á kjörtímabilinu og mun hækka úr 44.000 kr. í 50.000 kr. á árinu 2026. Eins hafa leikskólagjöld lækkað um tæp 70% á kjörtímabilinu og munu halda áfram að lækka haustið 2026. Á kjörtímabilinu hófust foreldragreiðslur og verða þær 129.000 kr. á barn frá 12 mánaða aldri og þar til það kemst inn á leikskóla eða til dagforeldris. Samtals er áætlað að foreldragreiðslur nemi 1,5 m.kr. á árinu 2026. Með þeim aðgerðum sem farið hefur verið í á kjörtímabilinu, og þar með talið fríum skólamáltíðum, eru nú um 432.000.- kr. minni kostnaður á barnafjölskyldur á ári, sem telja hjón með eitt barn á leikskóla og eitt barn í grunnskóla, en í upphafi kjörtímabils.

### Tekjur og gjaldskrár

Álagningarhlutfall fasteignaskatts lækkar á árinu 2026, á íbúðarhúsnæði (A-flokk) lækkar hlutfallið úr 0,330% í 0,320%. Á kjörtímabilinu hefur álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði því lækkað um 23%. Álagningarhlutfall á atvinnuhúsnæði (C-flokk) lækkar úr 1,480% í 1,450%. Álagningarhlutfall útsvars verður hins vegar óbreytt frá fyrra ári í 14,97% sem og hlutfall á lóðarleigu. Gjaldskrár vatnsveitu og fráveitu eru óbreyttar árið 2026 en gjaldskrá sorphirðu hækkar um raunkostnað eftir stærð og tegund sorptunna. Samkvæmt áætlun frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga nemur úthlutun sjóðsins til Hveragerðisbæjar 1.834 m.kr. á árinu 2026. Almenn gjaldskrárhækkun þjónustutekna nemur 4%.

### Fjárfestingar

Í ört stækkandi bæjarfélagi þurfa innviðir að halda í við fjölda bæjarbúa og því nauðsynlegt að ráðast í tilteknar framkvæmdir. Áætlaðar fjárfestingar til ársins 2029 felast að stærstum hluta í byggingu fjórða hluta grunnskólans, fyrsta áfanga nýs leikskóla í Kambalandi, uppbyggingu íþróttamannvirkja og veitnaframkvæmdum. Þá er stór áfangi að á tímabilinu er gert ráð fyrir að ráðast í framkvæmdir við þjónustumiðstöð eldri borgara. Kostnaður við fjárfestingar árið 2026 er áætlaður 926 m.kr., árið 2027 1.038 m.kr., árið 2028 er áætlað að kostnaður við fjárfestingar nemi 785 m.kr. og árið 2029 muni hann nema 223 m.kr.

### Þakkir

Meirihluti bæjarstjórnar vill koma á framfæri einlægum þökkum til bæjarstjóra og skrifstofustjóra Hveragerðisbæjar fyrir óeigingjarna og umfangsmikla vinnu við gerð fyrirliggjandi fjárhagsáætlunar. Fjárhagsáætlanir einstakra deilda eru unnar í góðri samvinnu við forstöðumenn stofnana og er þeim jafnframt þakkað fyrir sitt góða framlag. Öðru starfsfólki Hveragerðisbæjar eru einnig færðar þakkir fyrir gott samstarf við fjárhagsáætlunargerðina.

### Afrakstur kjörtímabils

Fjárhags - og fjármálaáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2026 og þriggja ára er afrakstur kjörtímabils framþróunar og uppbyggingar í bænum. Kröftug rekstrarafkoma, lækkun skatta, mikil innviðauppbygging, styrking fjárhags og lækkun skuldálags eru megin niðurstaða áætlunarinnar - íbúum til meiri gæða og aukinnar velferðar. Fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2026 er skýr, björt og metnaðarfull framtíðarsýn fyrir bæ í blómlegum vexti.

*Sandra Sigurðardóttir,*
*forseti bæjarstj. og oddviti (O)*
*Halldór Benjamín Hreinsson,*
*bæjarfulltrúi (B)*
*Njörður Sigurðsson,*
*bæjarfulltrúi (O)*
*Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir,*
*bæjarfulltrúi (O)*
*Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir,*
*formaður bæjarr. og oddviti (B)*

# Falleg nýárstónleikadagskrá í boði listrænna hjóna

Á nýju ári fá landsmenn að njóta vandaðrar kvikmynda- og tónleikadagskrár þar sem íslenskar kirkjur og náttúra eru í aðalhlutverki. Verkefnið ber heitið Nýárstónleikar úr kirkjum og náttúru Suðurlands og er unnið af listrænu hjónunum Alexöndru Chernyshovu, sópran og tónskáldi, og Jóni Rúnari Hilmarssyni, ljósmyndara og kvikmyndagerðarmanni, í samstarfi við menningar- og fræðslufélagið DreamVoices ehf.

Um er að ræða 30 mínútna kvikmynd – tónleikadagskrá þar sem tónlistarflutningur Alexöndru fléttast saman við fallegar myndir af kirkjum víða um land og íslenskri náttúru. Markmið verkefnisins er að gera klassíska tónlist aðgengilega breiðum hópi fólks og um leið varpa ljósi á kirkjur landsins sem mikilvægan hluta menningararfs þjóðarinnar.

Upptökur fóru fram í fjölmörgum kirkjum, meðal annars í Þingvallakirkju, Skálholtskirkju, Hallgrímskirkju, auk fleiri staða. Á efnisskrá eru klassísk verk motet „Exsultate Jubilate" eftir tónskáld Amadeus Mozart, Charles Gounod og Alexöndru sjálfa.

Alexandra er listrænn verkefnisstjóri og sér um tónlistarflutning, en Jón Rúnar annast kvikmyndatöku og myndbandsvinnslu og er framkvæmdastjóri verkefnisins. Þau hafa unnið saman að fjölmörgum metnaðarfullum verkefnum síðustu tvo áratugi, þar á meðal Magical Sky Iceland kvikmynd og frumsaminni sinfóníettu, Nýárstónleikum úr kirkjum Suðurnesja og í Hljómahöll, sem hlutu afar góðar viðtökur áhorfenda.



Verkefnið fékk styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands og einnig Kirkjusjóði Þjóðkirkjunnar.

1. janúar kl. 20:00 2026 tónlistardagskrá verður frumsýnd á netinu á heimasíðu www.alexandrachernsyhova.com og YouTube síðu Alexöndru og verður öllum opin.



# Opnunartímar um hátíðarnar

## Vínbúðirnar á Flúðum, Hellu, Hveragerði, Hvolsvelli, Kirkjubæjarklaustri, Selfossi, Vík í Mýrdal og Þorlákshöfn

| | |
|---|---|
| **Föstudagur 19. des.** | |
| Selfoss, Flúðir, Hella, Hveragerði og Hvolsvöllur | 11–19 |
| Vík í Mýrdal og Þorlákshöfn | 13–19 |
| Kirkjubæjarklaustur | 14–18 |
| **Laugardagur 20. des.** | |
| Selfoss | 11–18 |
| Flúðir, Hella, Hveragerði og Hvolsvöllur | 11–16 |
| Kirkjubæjarklaustur, Vík í Mýrdal og Þorlákshöfn | 12–14 |
| **Sunnudagur 21. des.** | Lokað |
| **Mánudagur 22. des.** | |
| Selfoss | 11–19 |
| Flúðir, Hella, Hveragerði og Hvolsvöllur | 11–18 |
| Kirkjubæjarklaustur, Vík í Mýrdal og Þorlákshöfn | 14–18 |
| **Þriðjudagur 23. des.** *Þorláksmessa* | |
| Selfoss | 11–20 |
| Flúðir, Hella, Hveragerði og Hvolsvöllur | 11–19 |
| Vík í Mýrdal og Þorlákshöfn | 13–19 |
| Kirkjubæjarklaustur | 14–18 |
| **Miðvikudagur 24. des.** *Aðfangadagur* | |
| Selfoss | 10–13 |
| Flúðir, Hella, Hveragerði, Hvolsvöllur, Kirkjubæjarklaustur, Vík í Mýrdal og Þorlákshöfn | 11–13 |
| **Fimmtudagur 25. des.** *Jóladagur* | Lokað |

| | |
|---|---|
| **Föstudagur 26. des.** *Annar í jólum* | Lokað |
| **Laugardagur 27. des.** | |
